

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 11. desember 2023
Mál nr. 2311077 U.V.H.

Efni: Umsögn um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun, mál nr. 509.

Á 1199. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 11. desember 2023 var umsagnarbeiðni um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð fagnar framkominni húsnæðisstefnu sem er metnaðarfullt plagg og mælir fyrir um þróun húsnæðismála í landinu næstu 15 árin. Jafnframt er ástæða til að fagna samþættingu áætlana innviðaráðuneytis sem fram kemur í framlagðri tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu. Vönduð áætlanagerð og samþætting fyrirliggjandi áætlana eykur slagkraft og þar með líkur á árangri.

Á undarförum árum hefur sjórñkeifi húsnæðismála tekið miklum og jákvæðum breytingum. Þar stendur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) í stefni m.a. með innleiðingu keifis um húsnæðisáætlanir sveitafélaga. Húsnæðisáætlanir sveitafélaga hafa reynst afar gagnleg tæki til að ná utan um þörf fyrir uppbyggingu innviða í takt við íbúáþróun og leitt til markvissari vinnubragða hvað húsnæðismál varðar. Uppiýsingar úr áætlunum nýtast jafnframt vel í almennri miðlun uppiýsinga HMS um stöðu á húsnæðismarkaði. Sú stefna í húsnæðismálum sem nú er lögð fram byggir á þann góða grunn sem þegar hefur verið unninn. Byggðarráð leggur hçfudáherslu á að tryggt sé að jðarmagn fylgi þeim tillögum sem settar eru fram í áætluninni. Einnig að nauðsynlegar breytingar á regluverki verði unnar samhliða.

Af þeim aðgerðum sem settar eru fram í áætluninni vill byggðarráð lýsa yfir sérstakri áncægju með aðgerðir 1.5 og 1.7 sem ná annars vegar til breytinga á álagningarreglum svo sveitafélög hçfi heimild til að flokka íbúðir sem ekki eru nýttar til búsetu undir C-flokk fasteignagjalda svo þær beri hærri fasteignagjöld. Hins vegar vegna íbúða sem ekki eru nýttar til fastrar búsetu í jðleignahúsum sem miðar að því að íbúðir séu frekar nýttar til fastrar búsetu en til skammtímaútleigu. Einnig er ástæða til að fagna öllum þeim hugmyndum sem fram koma í 2. lið aðgerða er varða skilvirkari sjórñsýslu og bætt umhverfi mannvirkjagerðar sem stuðli að auknum gæðum, öryggi, rekjanleika og hagkvæmni. Byggðarráð leggur áherslu á brýna nauðsyn eirföldunar regluverksins án þess að öryggi sé ógnað eða gengið á skipulagsvald sveitafélaga. Að mati ráðsins ætti eirföldun að vera eitt áhersluatriða í aðgerð 2.3 sem nær til endurskoðunar á byggingarreglugerð.

Byggðarráð fagnar jafnframt áherslum í aðgerð 3.1 um endurskoðun lánaheimilda með tilliti til almannaþjónustuhlutverks HMS á húsnæðismarkaði. Afar brýnt er að lánaheimildir stofnunarinnar verði á samfélagslegum forsendum og þannig ámarkaðar með skýrum hætti við þau sem höllum fæti standa á húsnæðismarkaði. Þetta á einnig við á þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem lánastofnanir hçfa í einhverjum tilfellum ekki verið viðgjugar til að lána til húsbýgginga þar sem fasteignaverð heldur vart í við byggingarkostnað.

Að síðustu vill byggðarráð benda á í tengslum við aðgerð 3.10 er fjallað um dreifingu kostnaðar vegna húsnæðisúrræða sveitarfélaga með aðkomu Jcfnunarjós sem endurspeglir sem best raunkostnað sveitarfélaga við rekstur félagslegra húsnæðisúrræða. Í greinargerð með aðgerðinni eru Reykjavíkurborg og Akureyri sérstaklega nefnd og þær hlu.fallslega hærrí byrðar sem þessi sveitarfélög bera hvað málflokkinn varðar en önnur. Óumdeilt er að á stærri stöðum er þungi málflokksins meiri. Hins vegar er á það bent á þessum stöðum eru tekjumöguleikar sveitarfélaganna jcfí.framt meiri. Fáar íbúðir í smáu sveitarfélagi geta allt eins verið hlu.fallslega þungur baggi. Jcfí.framt sí.ja smærri sveitarfélög ekki við sama borð og þau stærri þar sem ná má fram stærðarhagkvæmni í uppbyggingu og rekstri.

Sú þingsályktun sem hér er lögð fram hefur alla burði til að hafa veruleg og varanleg áhr.f á húsnæðismarkað á Íslandi. Til að svo megi verða er afar brýnt að nægir fjármunir verði tryggðir til verkefnisins.

Byggðarráð Húnaþings vestra þakkar viðtækt samráð og samtal við vinnslu stefnunnar og lýsir sig til tilbúid til samtals við ve.ferðarnefnd og ráðuneytið um málið. Jcfí.framt áskilur ráðið sér rétt til umsagnar á seinni stigum málsins.

Sveitars.jóra er falið að koma umsögninni á fran.færi við ve.ferðarnefnd Aþingis.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri